

ÆTTAR-

PÓSTURINN

14

8. árg.

október 1996

1. tbl.

Fylgirit Ættarpóstins

Að þessu sinni fylgir *Ættarpósti* 8 síðna blað. Ekki þótti ráðlegt að rjúfa þá hefð að *ÆP* skuli vera 4 síður í 4to. Efnið í fylgiritinu er frá síðasta ættarmóti og átti sosum að vera komið út fyrir laungu en það hefur dregist af ýmsum ástæðum.

Ritstjóri telur áhugavert að halda áfram útgáfu á fylgiritum (eða í öðru formi?) eftir því sem unnt er. Nóg er til af efni sem þar mætti birta. Þar má m.a. nefna smásögur og ljóð eftir þá Gísla og Indriða, syni þeirra Ólafar og Helga í Skógargærði, og ekki var hægt að taka í *Skógargærðisbók*. Einnig eru í vörslum ritstjórnar mörg önnur gögn frá fyrri tíð, svosem sendibrjef Ólafar og barna hennar. Þá hefur sannast að yngri kynslóðir láta ekki sitt eftir liggja sem rithöfundar og ljóðskáld.

Af þessu er ljóst að einginn hörgull er á efni. Það mundi fylla nokkrar Skógargærðisbækur í viðbót ef í það færi. Nú þarf að íhuga hvort og þá í hvaða formi eigi að halda þessari útgáfu áfram. Er hægt að hugsa sjer að gefa út svosem eitt hefti á ári? Hvað á útgáfan að vera vönduð? (Hvað vilja menn borga mikið fyrir hana?). Ritstjórn *ÆP* hvetur alla lesendur sína til að láta frá sjer heyra um þetta mál.

Athugið að blaðið er heft utanum fylgiritið.

Skógargerðisbók

Ekki er ætlunin að fjölyrða hjer um þessa bók sem svo mikið lof hefur verið borið á. Hún stendur sjálfagt undir slatta af lofi en hún er samt ekki gallalaus fremur en önnur mannanna verk. Fáar eða eingar bækur af þessari stærð eru lausar við villur. Til mun vera amrískur staðall sem segir að eðlilegt megi heita að það séu 2 villur í örð (16 síðum) og gott ef ekki er nema 1 villa Miðað við þetta stendur Gerða sig nokkuð vel en hún er réttar 26 16 síðna arkir. Villurnar eru ekki enn orðnar 26.

Nokkrar leiðrjettningar

Nú er best að hætta yfirklóri og snúa sjer að því að leiðrjetta villur sem höfundur finst satt að segja altöf margar hvað sem líður stöðlum Kana. Lítið hefur samt fundist af eiginlegum prentvillum í *Skógargerðisbók*. Þar mætti þó nefna tvær: Í ættartöflu á bls. 133 stendur í 2. línu Berþóra fyrir *Bergþóra*. Á bls. 47 í 3. neðanmálsgrein stendur op í stað *og*. Hinsvegar hafa fundist nokkrar skekkjur og meinlokur, m.a. í ártölum, dagsetningum og nöfnum í niðjatali og öðrum ættráknungum. Verður nú gerð grein fyrir þeim villum sem fundist hafa. Mikilsvert er að eigendur bókarinnar færi leiðrjettningarnar í sín eintök (skrifaðar með vel yddum blýanti). Þau verða því betri eign fyrir þá og afkomendur þeirra.

Bls. 27: Hjer segir (8. l. a.o) að bærinn Flaga sje í Suðurðal í Skriðdal. Þessi bær er í *Norðurdal*. Stefáni bónda þar Bjarnasyni er ekki um að kalla jörðina fremur rýra.

Bls. 59: Fæðingarár Finns Björnssonar bónda á Geirólfsstöðum, manns Bergþóru Helgadóttur, á að vera 1852 (ekki 1952 einsog reyndar má augljóst vera).

Bls. 149 (neðanmáls): Jón Guðmundsson var frá *Kollavík* (ekki Kollafirði) í Þistilfirði.

Bls. 216 og 293: Dánardagur Dagnýjar Pálsdóttur á að vera 2.3 (ekki 2.4).

FYLGIRIT MEÐ ÆTTARPÓSTINUM

OKT. 1996

Tvær ræður frá ættarmóti 1995. Sú fyrri var flutt á Ættarflöt í Skógargerði að kvöldi laugardags 22. 7., hin síðari í Valaskjálfi á Egilsstöðum kvöldið eftir.

Hallgrímur Helgason

Ræða á ættarmóti Skógargerðisættar 1955

(Hljóðrituð eftir minni)

Góðir gestir. Mikið megið þið nú vera ánægð með ykkur að vera af þessari góðu ætt.

Ég held bara að þetta sé með betri ættarmótum sem ég hef farið á í sumar en þetta mun vera það fjórtánda í röðinni í ár. Og mér finnst líka eins og ég eigi best heima hér. Þetta er mín ætt. Ég sé það þegar ég lít hérna yfir hópinn, ég sé þennan fallega heildstæða ættarsvip. Skógargerðissvipinn sem einhver var reyndar hérna áðan að líkja við „veðurbarið sauðfé undan hörðum vetri“. En hvað um það, þetta er okkar svipur og við skulum vera stolt af honum. Við erum öll ...

Hey! Hver er þetta! Þú þarna! Þú ert ekkert af okkar ætt! Hvað er þessi maður að gera hér? Kannast einhver við þennan þarna, þennan með gleraugun þarna ... ja, er þetta ekki einhver Dalasvipur? Svona kallar sko ... boðflennur á Ættarmóti, er það ekki botninn á öllu? Ekki það ... maður getur kannski skilið að hann vilji teljast til okkar góðu ættar, en ...

Nei, nei, þetta er örugglega bara einhver af Makafötinni ... Hérna komum við einmitt að vandanum við góðar ættir, en það eru makarnir. Við neyðumst alltaf annað slagið til að taka inn í ættina einhverja bölvada ættlera, fólk úr öðrum ættum, eitthvað ókunnugt lið með einhvern allt annan svip sem spillir svo okkar Skógargerðissvip.

Það er eru kannski ekki margar lausnir á þessu vandamáli, aðrar en sú að fólk vandi makavalið. Góðu gestir, ég vil ítreka það við ykkur hér einn ganginn enn: Hugsið um heildarhag fjölskyldunnar þegar þið veljið ykkur maka til að geta með afkomendur. Til þess að ættarsvipurinn haldist sem ómengaðastur er nauðsynlegt að makinn sé nánast ættlaus og sviplaus. Ég er hér að tala um ... helst munaðarlaust fólk, fólk sem hefur verið ættleitt, tökubörn, fólk sem hefur misst ættingja sína í eldi og komist eitt undan, eða jafnvel ganga alla leið og finna sér svokallaðar meðgöngumæður. Umfram allt: veljið ykkur ekki – og nú er ég að tala til unga fólksins – ekki velja ykkur fólk af öðrum stórum og sterkum ættum. Ekki Thoroddsen, Stephensen eða Hafstein. Þrátt fyrir að forystumenn ættarinnar hafi margítrekað varað við þessari hættu á liðnum ættarmótum hefur því miður brunið við að fólk hafi ekki hlýtt þeim tilmælum. Fólk hefur jafnvel verið að mægjast við Thorsara og Schramsætt ... og við sjáum nú afleiðingarnar af því ...

Nei, við höldum ættinni sterkri og svipnum hreinum. Ég minni á slagorðið: „Vöndum makaval! Viðhöldum ættarsvip!“

Það besta væri auðvitað að fólk héldi sig hreinlega innan ættarinnar í makavali. Ég segi við ykkur unga fólk! Hugsið um ættarhag! Leitið ekki langt yfir skammt! Hver veit nema hér inni leynist einhver, piltur eða stúlka sem ...

Nóttin er ung og ættin er stór, eins og þar segir.

Sem kunnugt er getur það reynst kúnstugt að standa í makavali. Það þekki ég af eigin reynslu. Einkum er erfitt að stunda það í Reykjavík, þar sem öll meðvitund og þekking á ættum fer mjög þverrandi. Sé maður staddur á bar og

gefur sig á tal við unga dömu sem manni líst vel á er fyrsta spurningin að sjálfsögðu:

„Og hverra manna ert þú, vina?“

Þá svarar hún kannski: „Manna? Ja, ég er ekki á föstu ef þú heldur það.“

„Nei, ég á nú frekar við hverjir þínir forfeður eru?“

„Jaaaá, þannig. Ja, sko, afi, hann vinnur í Frfhöfninni og pabbi er með Vídeóleigu í Garðabæ og við höfum bara alltaf verið þar.“

„Jájá. Þú ert sem sagt að segja mér að þú sért ættuð úr Frfhöfninni?“

„Ha?“

„Nei, ég er nú bara að grínast. Ég á við hvaðan af landinu þú sért ættuð. Að vestan, norðan eða austan ...“

„Jaaaaá, þannig. Ja, sko, við eigum sko sumarbústað og höfum verið mjög mikið þar, þannig að mér finnst ég vera dálítið mikið þaðan sko.“

„Jæja þá. Og hvar er þessi sumarbústaður?“

Æ, þú veist, þarna rétt hjá Vestmannaeyjum og þar.“

Þannig er nútíminn. Ættarvitund fer þverrandi. En ímyndum okkur svipað samtal fyrr á öldinni, í túnfæti hér á Héraði. Þá var öldin önnur og fólk öllu meðvitaðra um ættir sínar. Ungur bóndasonur gefur sig á tal við stúlku og spyr sömu spurningar:

„Og hverra manna ert þú, góða mín?“

„Ég er nú hér ofan af Jökuldal. Ég er dóttir hans Hallkels á Beitingsstöðum. Við erum þrettán systkinin og er ég nífunda í röðinni, næst elst af okkur systrunum. Og það er nú eins og það er.“

„Og ertu þá hreinræktaður Jökuldælingur?“

„Svo segir karl faðir minn, en kerling móðir mín vill meina að það sé leggur í okkur onaf Möðrudal. Þó er það óvíst. Og það er nú eins og það er.“

„Það má ekki bjóða ungfrúnni að ganga með mér hér uppí heiðina. Faðir minn bað mig um að líta eftir skjáturæfli sem festi sig í dýi þar framfrá.“

„Hananú. Ég ætti víst annað eftir. Það hefur aldrei þótt vita á gott að við Jökuldælingar mægðumst við Héraðsmenn. Það vita nú allir. Og það er nú eins og það er.

Það hefur mikið blóð runnið til grafar síðan þetta var. Ekki einungis er ættarvitund á undanhaldi heldur verður einnig sífellt erfiðara að henda reiður á ættum. Tengslin eru orðin svo flókin. Öll þessi lausung sem hlaupin er í þjóðlífið gerir ættfræðingum sífellt erfiðara fyrir. Fólk er að skilja og skilja aftur, eignast börn úti bæ og ættleiða önnur. Og þetta virðist ágerast fremur en hitt. Ímyndum okkur öll þau vandamál sem ættfræðingar þurfa að glíma við eftir hundrað ár, árið 2095? Eins og þetta dæmi hér:

Stúlka ein er ættleidd, en hefur samband við líffræðilega foreldra sína. Fósturforeldrarnir eru skilin. Fósturmamman er gift aftur og þau eiga eina stelpu og stúlkan hefur samband við afa og ömmu hennar. Fósturpabbinn á fjögur börn með þremur konum. Hún reynir að hafa samband við afa og ömmur þeirra. Líffræðilegu foreldrarnir eru líka skilin. Móðirin býr í Danmörku og á þar eina dóttur. Stúlkan er stundum hjá þeim á sumrin og hefur samband við „afa og ömmu á Sjálandi“. Maður móðurinnar, Præben, gaf á sínum tíma sæði í danskan banka sem notað var hér á landi. Stúlkunni telst til að hann eigi hér 42 börn og reynir af fremsta megni að hafa samband við þau og ömmur þeirra og afa, enda „lít eg eiginlega á þau sem systkini mín“. Líffræðilegur faðir hennar er ættleiddur eins og hún, á bæði líffræðilega foreldra og fósturforeldra og þrjú börn með núverandi konu sinni. Stúlkunni telst til að hún eigi í raun 53 sett af öfum og ömmum.

„Þannig að í rauninni er ég ógeðslega ættuð,“ klykkir hún út.

En snúum okkur aftur að ættarsvipnum. Hvernig er hann þessi svipur? Hvernig er Skógargerðissvipurinn? Jú, hann er dálítið aulalegur, allt að því rollulegur – eins og fram hefur komið – en þó hreinleitur. Augu skásett, kinnbein há og hárvöxtur með afbrigðum, munnur ætíð hálfopinn, líkt og

munneri ætli að fara að segja eitthvað, sem hann gerir þó ekki. Hann ætlar nefnilega bara að fara að segja „Jaa, ég veit það nú ekki ...“ og því kemur út á eitt hvort hann lætur verða af því eða ekki

Og upplagið ... Ja, þetta eru svona rólyndir búmenn, haggast lítið, en geta þó orðið kátir. Miklir söngmenn. Í okkar ætt kunna allir að syngja, þ.e.a.s. allir nema ég, Gunni bróðir og Ási bróðir. En þar er eingöngu við óvandað makaval að sakast.

En til þess að þið vitið nú örugglega hvert þið eigið að stefna í ykkar barneignum þá ætlum við að velja hér í kvöld „Líkasta mann ættarinnar ‘95“. Þetta er náttúrlega ÆttarMÓT. Og þá verður að keppa í einhverju. Hér fyrr í dag fór fram myndataka uppvið ættargrafreitinn og myndirnar voru að koma úr framköllun. Þær voru síðan skannaðar inn á tölvu og með aðstoð nýs forrits höfum við nú reiknað út hvaða andlit sver sig best í ættina. Úrslitin eru kunn. Við skulum fá einhverjar góðar til að tilkynna úrslitin, sætustu stelpur ættarinnar, það eru engar líkur á því að þær hreppi titilinn, það eru allir svo ljótir í þessari ætt.

Vinningshafinn er semsagt Jón Skúli Indriðason og hlýtur hann titilinn „Líkasti maður ættarinnar ‘95“. Verðlaunin eru ferð á alþjóðlegt ættarmót í Groningen í Hollandi sem haldið verður á næsta ári. Eitt skilyrði fylgir þó þessum titli. Vinningshafinn verður að gefa sæði til frystingar sem pipar-meyjar ættarinnar geta síðan gengið í.

Og við ætlum ekki að láta staðar numið. Við þurfum líka að verðlauna „Ættlausasta maka ættarinnar ‘95“. Þar hefur orðið fyrir valinu Björk Jakobsdóttir, maki Gunnars Helgasonar, Hallgrímssonar, Helgasonar í Skógargerði. Fyrir utan að vera ættuð úr Hafnarfirði eru þær ættir fámennar og fremur litlausar. Ég ætla að biðja eiginmann hennar að koma hér upp og veita viðtöku ávísun að upphæð 500.000 krónur til styrktar áframhaldandi barneignum. Þetta eru peningar úr Viðhaldssjóði ættarinnar.

Svo þakka eg fyrir mig.

Af ættareinkennum

Veislustjóri. Ágæta Skógargærðisætt og hennar tengdafólk!

Ég vil byrja á því að þakka ykkur öllum fyrir þetta skemmtilega ættarmót og þá sérstaklega þeim sem báru hitann og þungann af undirbúningi og skipulagi. Indriði Gíslason á líka miklar þakkir skildar fyrir Skógargærðisbókina sem er öndvegisrit og mikill fengur að henni.

Það má heyra á máli manna hér á mótinu að nú er kominn tími til að skilgreina hin ýmsu ættareinkenni og gera sér grein fyrir hvað það er sem gerir okkur öðruvísi en annað fólk; betri eða veri eftir atvikum. Hallgrímur Helgason skilgeindi í gær ættarsvipinn með líkingu af íslensku sauðkindinni. Var það vel við hæfi miðað við uppruna ættarinnar og er gott til þess að vita að menn skuli vera svo meðvitaðir um rætur sínar þrátt fyrir þéttbýlisbúsetu. Ég er mjög sátt við það að vera líkt við sauðkind. Og ef þol, þrautseigja og nægjusemi þessarar blessaðrar skepnu er runnið saman við svipmót okkar og persónuleika þá er það vel.

Ég ætla nú að víkja að öðrum þætti sem ef til vill getur líka talist til ættareinkennanna. Það er stundum verið að tala um og jafnvel finna að því að sumt fólk af ættinni sé seint til svars eða svari stundum alls ekki þegar á það er yrt. Að marggefnu tilefni langar mig til að benda á nokkur atriði sem hafa þarf í huga þegar verið er að ræða við fólk af þessari ætt eða spyrja það að einhverju.

Ef fyrirhugaður viðmælandi svarar alls ekki og virðist ekki heyra spurningu eða tilmælin þá er tilgangslaust að endurtaka og tala hærra. Þarna er ekki heyrnardeyfu um að kenna. Þessi ætt heyrir ágætlega. Það fyrsta sem þarf að athuga í svona tilfellum er hvort viðmælandinn sé að lesa. Ef svo er

verður að fresta fyrirhuguðum viðræðum þangað til hann er búinn með bókina. Sé ekkert lesmál sjáanlegt í nánd er líklegt að orsakar viðbragðaleysisins sé að leita hjá fyrirspyrjandanum sjálfum af einhverjum eftirtöldum ástæðum:

1. Spurningin er illa hugsuð, illa orðuð eða illa fram sett nema allt þetta þrennt komi til. – Fyrirspyrjandanum ber þá að hugsa málið upp á nýtt, eða alveg frá grunni, sé það algerlega vanhugsað sem oft er. Hann verður einnig að vanda betur orðalag og framsetningu.
2. Spurningin er illa tímasett. Það er annaðhvort löngu búið að svara henni eða alls ekki tímabært. – Fyrirspyrjandi getur ekki ætlast til að endalaust sé hægt að vera að svara sömu spurningunni upp aftur og aftur eða gefa einhver merkingarlaus svör við einhverju sem ekkert liggur fyrir um á þeirri stundu.
3. Svar við spurningunni þarf að íhuga nánar. – Fyrirspyrjanda er þá vorkunnarlaus að bíða ögn eftir svarinu; í einhverja daga eða vikur.
4. Spurningin er ekki svara verð. Hún er rugl og vitleysa og fyrirspyrjanda hollast að láta hana niður falla.

Þetta eru allt fullgildar ástæður fyrir því að svör fást ekki.

Þegar svör eru á annað borð gefin þarf fyrirspyrjandi að kunna að ráða í þau, annars er hann jafnnær: „Nú“ og „jæja“ eru algeng svör. Fer merking þeirra eftir aðstæðum hverju sinni og ræðst af áherslum og tónfalli. „Nú“ og „jæja“ er líka oft það eina sem hægt er að leggja til málanna í ýmsum almennum umræðum. Mörgum er líka illa við að gefa svör eins og „já“ og „nei“. Enda eru svo afdráttarlaus svör oftast stórlega ofmetin og verða oftar en ekki innihalds- og merkingarlaus þegar á reynir.

Sé spurning, málaleitun eða staðhæfing fráleit eða út í hött geta svörin orðið til dæmis: „Þetta er speki“ sem merkir auðvitað andhverfu sína, auk þess sem í þessu svari liggur að andlegt atgervi málflytjanda er mjög dregið í

efa. „Það er nú sjálfsagt“ er svipaðrar merkingar og oft notað þegar umræðan er komin út fyrir öll skynsamleg mörk og ekkert er lengur sjálfsagt. „Ég ætla að biðja þig að vera ekki að spyrja mig að því“ er skýrt og skilmerkilegt svar en hin dýpri merking þess er, að nú sé svargefandanum stórlega misboðið og má þakka fyrir ef hann er ekki alvarlega móðgaður. – Þetta eru allt dæmi um neikvæð svör og þegar fólk fær þau þá er ráðlegast að fara ekki lengra út í þá sálma að sinni.

Jákvæð svör, það er að segja svör sem notuð eru í staðinn fyrir hið vafasama „já“, geta til dæmis verið: „Ætli það ekki“, „Það getur verið“, „Það er líklegt“, „Það lítur út fyrir það“. Þetta eru allt greinargóð svör og auðskilin og fela í sér samþykki án þess að nokkru sé lofað upp í ermina eða slegið endanlega föstu.

Algengt er að fólki af ættinni er lítið um það gefið að láta mikið uppi um fyrirætlanir sínar og framtíðaráætlanir. Ég verð að játa að þessi eiginleiki hefur mér stundum þótt dálítið bagalegur þegar mínir eigin afkomendur eiga í hlut. Það getur til dæmis komið sér vel að vita með nokkrum fyrirvara hvar heimilisfólkið ætlar að vista sig næsta vetur, hvort það kemur heim um jólin eða fer í vinnu næsta dag og svo framvegis. Svör við þess háttar eftirgrenslunum eru oft á þessa leið: „Það er nú það“, „Ég veit það sosum ekki“, „Það kemur í ljós á sínum tíma“. – En það er eins gott að hafa það hugfast að því harðar sem gengið er eftir svörum í svona tilfellum þeim mun óljósari verða þau.

Ég tel mig nú hafa sýnt fram á það með gildum rökum að það er vandalaust að fá fólk af ættinni til að svara og ræða svo til hvað sem er ef réttum aðferðum er beitt. Í þeim örfáu tilfellum þar sem enginn árangur næst, er þó engin ástæða til að vera að æsa sig upp út af því.

Það kemur hvort sem er allt í ljós á sínum tíma.

Bls. 283: Þar segir (7. l. a.o.) að dánardagur Jóhannesar Arngrímssonar sje 21. júní. Á að vera 21. *janúar* eins og rjettilega er sagt á bls. 338.

Bls. 292: Í myndatexta neðst á síðu á að standa 'Ingunn húsfreyja *Einarsdóttir*' (ekki Pálsdóttir).

Bls.318: Hermann Hermannsson (3c) lauk prófi í *byggingatæknifræði* (ekki byggingafræði). Einnig hefur fallið niður að Hermann er meðeigandi í Alemennu verkfræðistofunni.

Bls. 339 (3a): Móðir Aðalheiðar Elsu Óskarsdóttur heitir *Þórunn* (ekki Púriður) Guðmundsdóttir.

Bls. 340: Systkinaröð í 4. ættlið er ekki rjett merkt bókstöfum. Óskar Þór Hallgrímsson á að vera *4b* og Guðrún Agða *4c*.

Bls. 342 (3d): Gertruda Teresa Catharina van Mil (fædd Leenders) er fædd 20.2 (ekki 26.2.)

Bls. 404 : Guðmundur Magnússon er talinn fæddur 1925 en fæðingarár hans er 1926 (eins og rjett er með farið í 3c á bls. 317).

Hjer lýkur villutali að sinni. Hver vill bæta við?

Af kveðskap

Í Skáldamálum Skógargerðisbókar er ekkert eftir 2. kynslóðina frá Helga og Ólöfu í Skógargerði (í bókinni finst reyndar ein staka eftir Helga á Helgafelli Gíslason). Þessi kynslóð hefur samt örugglega sett saman vísur og ljóð ekki síður en aðrar í þessari ætt. Hún hefur kanski ekkert verið að flíka því svo mjög. Okkur þætti feingur að því að fá kveðskap eftir þetta fólk. Hér er ein vísa eftir Ólöfu Gísladóttur og er hún nokkuð gagnrýnin á frændur sína:

Ættarhroki, ættardrambið
ykkur að góðu verði;
brennivín og bjórinn þambið
bjánar í Skógargerði.

Fáein orð um Ættarpóstinn

Nú eru liðin ein 12 ár síðan *Ættarpósturinn* leit fyrst dagsins ljós. Þetta er 8. árgangur eins og sjá má; nokkuð mörg ár hafa fallið úr. Ritið hefur aðallega verið gefið út í teingslum við ættarmótin, verið einskonar frjettabrjef um þau. Samt er margvíslegur annar fróðleikur í *ÆP* þótt ekki sé ritið mjög mikið að vöxtum. Pósturinn hefur altaf verið 4 síður í 4to (2 síður í A4).

Því er hjer á þetta minst að ritstjórn hefur ákveðið að merkja hjedanaf hvurt blað með hlaupandi tölu og verður þetta blað nr. 14. Áður hafa komið út 12 blöð af *ÆP* og eitt blað sem nefndist *Ættarlausurinn* (1. árg., 1. tbl., okt. '94). Til glöggvunar fyrir safnara skal gerð eftirfarandi grein fyrir *ÆP*:

- | | |
|------------------------|---------------------------|
| 1. árg. (1984) 1. tbl. | 5. árg. (1989) 1.–2. tbl. |
| 2. – (1985) 1.–3. tbl. | 6. – (1990) 1. tbl. |
| 3. – (1987) 1. tbl. | 7. – (1995) 1.–3. tbl. |
| 4. – (1988) 1. tbl. | |

Alls eru þetta 12 blöð. Þess skal getið að eitthvert smáræði er til af þeim öllum nema 3. tbl. 2. árg. Þeir sem hafa hug á því að eignast blöðin eða eitthvað af þeim geta fengið þau hjá ritstjóra. Hefur verið ákveðið að væntanlegir kaupendur greiði kr. 2000 – hvort sem þeir kaupa fleiri blöð eða færri. Þeir sem geta útvegað ritstjórn 3. tbl. 2. árgangs fá greiddar kr. 1000 fyrir eintakið.

Ættarpósturinn.

Ritstj.: Indriði Gíslason Barmahlíð 32, 105 Rvík. Sími 562 5743.

Netfang: indridi@ismennt.is.

Aðstoðarritstj.: Örnólfur Thorsson Tómasarhaga 27, 107 Rvík. Sími: 552 1056.

Ritstj.fulltrúi: Dagný G. Sigurðardóttir Reynivöllum 11, 700 Egilsstaðir. Sími: 471 1134.